



Borgarráð

Reykjavík, 10. desember 2024

MSS24110112

Kaup á færanlegum kennslustofum vegna viðhaldsframkvæmda grunnskólanna í Laugardal

Lagt er til að borgarráð veiti heimild til að fara í útboð og ganga frá kaupum á færanlegum kennslustofum auk samtengdra ganga og salerna vegna viðhaldsframkvæmda, fyrir skólustarf í Laugardal, í samræmi við framlagða fjárfestingaáætlun Reykjavíkurborgar 2025.

Greinargerð:

Í samræmi við viðhaldsáætlun Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á skólunum þrem í Laugardal, þ.e. Langholtsskóla, Laugarnesskóla og Laugarlækjaskóla og tryggja viðeigandi bráðabirgða húsnæði fyrir skóla- og frístundastarf í Laugardal á framkvæmdatíma. Færanlegu kennslustofurnar verða í þyrpingum á bílastæðum suðvestur af Laugardalsvelli. Færanlegu kennslustofurnar verða notaðar til kennslu nemenda á meðan viðhaldsframkvæmdir núverandi skólahúsnæðis eru í framkvæmd. Áætlað er að hægt verði að taka fyrstu stofurnar í notkun haustið 2025. Notast verður jafnframt við eldri stofur sem hafa verið nýttar í sambærileg verkefni í borginni. Auðvelt er að flytja bæði nýjar og eldri stofur milli borgarhluta eftir því sem þörf myndast á öðrum stöðum. Gert er ráð fyrir kaupunum í fjárfestingaáætlun 2025 en gert er ráð fyrir 600 m.kr. fjárfestingu í verkefnið.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri



Reykjavík